



# Ársskýrsla SOS Barnaporpanna 2018



**SOS  
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili



## Efnisyfirlit

---

Inngangur .....	3
Frá framkvæmdastjóra .....	4
Fjáröflun .....	5
Erfðagjöf .....	5
Jón Pétursson gaf 10 milljónir .....	6
Styrktarforeldrar og Barnaþorpsvinir .....	8
Fjölskylduvinir .....	9
Niðurbrotinn yfir því að komast ekki í skóla .....	10
Neyðarverkefni .....	11
Sólblómaleiksskólar .....	12
Öðruvísi jóladagatal .....	12
Fjármál .....	13
SOS á Íslandi .....	15
Heimsótti styrktarbarn.....	16

© SOS Barnaþorpin  
Hamraborg 1, 200 Kópavogi  
Sími: 564-2910  
Netfang: sos@sos.is

Umsjón og ritstjórn: Hans Steinar Bjarnason  
Ljósmyndir: SOS Children's Villages og SOS Barnaþorpin á Íslandi  
Umbrot og hönnun: iSpeculate.net - Halldór Elías Guðmundsson



## Inngangur

SOS Barnaþorpin voru stofnuð í Austurríki í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar árið 1949 af Hermann Gmeiner. Hann kynntist hörmungum stríðsins sem hermaður og við stríðslok blasti við honum mikill fjöldi munaðarlausra barna sem hann vildi koma til hjálpar. Í kjölfarið stofnaði hann SOS-Kinderdorf, SOS Barnaþorpin sem hafa útbreitt starfsemi sína svo um munar á þessum 70 árum og eru í dag ein stærstu barnahjálparsamtök heims.

Frá stofnari SOS Barnaþorpanna árið 1949 og út árið 2018 er áætlað að starf samtakanna hafi með beinum og óbeinum hætti haft jákvæð áhrif á líf 13 milljóna manna. Samkvæmt skýrslu sem unnin var fyrir SOS Barnaþorpin hafa samtökin með beinum hætti hjálpað fjórum milljónum barna í 70 ára sögu sinni og haft þannig einnig jákvæð áhrif á líf 9 milljóna afkomenda þeirra. Með því að stöðva hringrás aðskilnaðar hafa þessi börn alið af sér aðra kynslóð barna sem nýtur góðs af starfi samtakanna.



Allt frá upphafi hafa samtökin reist húsaþyrpingar (barnaþorp) þar sem börnin eignast heimili með SOS-foreldrum og systkinum. Undanfarin ár hafa nýjar útgáfur af barnaþorpum litið dagsins ljós, t.d. þar sem „barnaþorpið“ samanstendur af húsum hér og þar í ákveðnu hverfi eða jafnvel blokkaríbúðum innan um aðrar fjölskyldur. Börnunum eru búnar eins heimilislegar og fjölskylduvænar aðstæður og nokkur kostur er miðað við aðstæður á hverjum stað. Börnin fá öllum grunnþörfum sínum mætt og njóta menntunar sem undirbýr þau fyrir sjálfstætt líf á fullorðinsárum.

Starfsemi SOS Barnaþorpanna er í 136 löndum, þar af eru 126 lönd með barnahjálparstarfsemi en 10 lönd (t.d. Ísland) sinna eingöngu fjáröflun fyrir önnur lönd. SOS Barnaþorpin eru alls 559 talsins.

Auk reksturs barnaþorpa um allan heim standa SOS Barnaþorpin fyrir umfangsmiklu forvarnarstarfi sem kallast Fjölskylduefling SOS. Skjólstæðingar Fjölskyldueflingar eru illa staddar barnafjölskyldur og er þeim hjálpað að koma undir sig fótunum og mæta grunnþörfum barnanna. Markmiðið er að börnum líði vel og koma í veg fyrir aðskilnað þeirra og foreldra.

Þá reka samtökin fjölda leikskóla, grunnskóla, verknámsskóla, ungmennaheimila, samfélagsmiðstöðva, heilsugæslustöðva auk þess að sinna neyðaraðstoð. SOS Barnaþorpin eru grasrótarsamtök, starfa óháð trúarbrögðum og eru ekki hluti af Sameinuðu þjóðunum eða öðrum alþjóðastofnunum.

SOS Barnaþorpin á Íslandi voru stofnuð árið 1989 og var Ulla Magnússon fyrsti formaður og framkvæmdastjóri samtakanna. Íslendingar styrkja í dag samtals 433 barnaþorp í 108 löndum.



## Frá framkvæmdastjóra

Árið 2018 var svolítið sérstakt ár. Fram eftir ári gekk vel að afla nýrra styrktarforeldra fyrir munaðarlaus og yfirgefin börn. Þegar sumri fór að halla og haustið að banka upp á fundum við áþreifanlega fyrir breytingum. Skyndilega átti landinn erfiðara með að vilja taka á sig mánaðarlegan stuðning við góð málefni. SOS Barnaþorpin eru ekki ein um að hafa fundið fyrir þessu. Óvissa var greinilega í kortunum og hélst hún út árið.

Þrátt fyrir þetta fundum við fyrir gríðarlegum stuðningi landsmanna á árinu. Um 29.000 manns lögðu SOS Barnaþorpunum lið og námu heildarframlög og –tekjur 618 milljónum króna. Af þeirri upphæð sendum við 84% úr landi til þeirra barna, þorpa og verkefna sem styrktaraðilar og stjórn samtakanna hafa ákveðið að styðja. 16% fóru í að halda úti starfsemi okkar hér á landi, þ.e.a.s. að þjónusta styrktaraðila og afla fjár.

Hér í þessari ársskýrslu gefur að líta nokkrar tölur úr ársreikningi samtakanna, en ársreikningurinn í heild sinni er birtur á vefsíðu okkar [www.sos.is](http://www.sos.is). Vil ég skora á fleiri hjálparamtök að birta ársreikninga sína opinberlega, enda mikilvæg gögn til að byggja upp traust og stuðla að gegnsæi.

Óskir þú enn frekari upplýsinga en fram koma í ársskýrslu og ársreikningum er þér alltaf velkomið að hafa samband við okkur á skrifstofu samtakanna í síma 564 2910 eða í netfangið [sos@sos.is](mailto:sos@sos.is).

Með hjartans þökk fyrir stuðninginn við börnin

*Ragnar Schram*

*Framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi*



## Starf SOS Barnabörpunn



### Fjáröflun

2018 var ágætt ár hjá SOS Barnabörpunum á Íslandi og er þakklæti okkur efst í huga. Áfram fjölgaði mánaðarlegum styrktaraðilum og þeim sem gefa stök framlög. Rekstur samtakanna er að langmestu leyti byggður á frjálsum framlögum. Almennungur leggur mest til starfsins eða 87% af heildarframlögum sem námu samtals 618 milljónum króna að meðtöldum fjármagnstekjum. Stærsti hluti af framlögum til SOS á Íslandi kemur frá styrktarforeldrum og sendum við þau til barnabörpa í 108 löndum.

3,2% aukning var á framlögum á milli ára og munar þar um 15 milljóna króna aukningu á vaxta- og fjármagnstekjum auk einnar erfðagjafar sem samtökunum barst, tíu milljónir króna.


Við gerum okkur grein fyrir því að svona stuðningur er ekki sjálfgefinn og því skiptir það okkur miklu máli að sem stærstur hluti framlaganna skili sér til þeirra sem

þurfa á hjálp okkar að halda. Við getum því með mikilli ánægju sagt frá því að 84% af heildarframlögum árið 2018 fara úr landi til aðstoðar við skjólstæðinga SOS Barnabörpunn. Í fátækari ríkjum heims geta 100 krónur verið mjög há upphæð og þar af leiðandi vitum við að framlög okkar Íslendinga margfaldast í starfinu í þessum ríkjum. Þess vegna er mikilvægt að árétta að hver króna skiptir máli.

Þrátt fyrir að landsmenn hafi haldið að sér höndum á seinni hluta ársins gekk rekstur vel og metfjöldi Íslendinga, um 29 þúsund einstaklingar styrktu samtökin á árinu, þar af um 11 þúsund mánaðarlega. Sem fyrr voru stök framlög eins og valkröfur stór hluti heildarframlaga auk sölu á jóla-, minningar- og gjafakortum. Börn styrktu okkur með ágóða af hlutaveltum sem þau héldu og það gleður okkuð mikið að sjá að æska landsins lætur sig varða börn úti í heimi í erfiðum aðstæðum.

### Erfðagjöf

Samtökunum barst ein fyrirframgreidd erfðagjöf á árinu upp á 10 milljónir króna frá Jóni Péturssyni, fyrrverandi sjómanni. Þegar slíkar gjafir berast þá viljum við uppfylla væntingar þeirra sem treysta okkur fyrir slíkum gjöfum eftir þeirra dag. Stuðningur Jóns við munaðarlaus og yfirgefin börn nær áratugi aftur í tímann. Hann kaus að beina stuðningi sínum til barna í Brasilíu og heimsótti barnabörpið „sitt“ í Santa Maria nokkrum sinnum.





## Jón Pétursson gaf 10 milljónir

Jón Pétursson gaf 10 milljónir króna sem skiptust á milli tveggja fyrrverandi styrktarbarna hans, SOS á Íslandi og SOS barnaþorpsins í Santa Maria í Brasilíu þar sem umrædd börn ólust upp. Jón hafði hugsað þetta vel og tekið ákvörðunina fyrir mörgum árum.

### Ég á nóg eftir fyrir jarðarförinni

Jón veitti okkur viðtal fyrir fréttablað SOS sem kom út um jólin 2018 en hann lést í janúar 2019. Hann var 84 ára og hafði nýlega flutt inn á dvalarheimili eftir að hafa selt íbúðina sína. Hann greiddi upp eftirstöðvar húsnæðislánsins og bjó svo þannig um hnútana að hann ætti nóg fyrir sjálfan sig í ellinni áður en hann gaf framlagið til SOS.

„Ég hef í rauninni ekkert við þessa peninga að gera. Ég er ekki að fara að kaupa mér neitt. Þó ég hafi gefið þarna 10 milljónir þá á ég nóg eftir fyrir



jarðarförinni. Gamla fólkid hafði alltaf áhyggjur af því í gamla daga. Ég er í góðum lífeyrissjóði og mig mun ekki vanhaga um neitt,“ sagði Jón sem átti enga afkomendur sjálfur en fjölmörg systkinabörn.

„Systkini mín eiga mörg börn og það er alveg nóg fyrir mig. Þau hafa það öll mjög gott svo ég þarf ekkert að hugsa um þau.“



Jón kom á skrifstofu SOS í Kópavogi nokkrum dögum fyrir andlát sitt og átti Skype fund með fyrrverandi styrktarbörnunum tveimur.

### Nýkominn í land og sá auglýsingu frá SOS

Jón sótti fyrst um að styrkja tvö börn í SOS barnaþorpinu Santa Maria í Suður-Brasilíu árið 1991. „Ég var nýkominn í land og sá auglýsingu frá SOS Barnaþorpunum. Ég gerðist strax styrktarforeldri og hef verið það síðan.“ Hann var í reglulega bréfasambandi við SOS móður barnanna og sendi þeim oft gjafir.

Eftir að Jón fór á eftirlaun um aldamótin ákvað hann að heimsækja börnin til Brasilíu þangað sem hann fór fjórum sinnum.



Hann heimsótti alls þrjú þorp, þar af þorpið í Santa Maria tvisvar. „Það var mjög gaman og yndislegt að koma í barnaþorpin. Það er alveg einstaklega vel hugsað um börnin.“

## Þetta er svo gefandi

Jón sagði að það hafi alltaf verið jafn gefandi að styrkja SOS Barnaþorpin. „Það er svo gefandi að veita börnunum möguleika á að komast áfram í lífinu. Það sá ég þarna í Santa Maria. Við höfum það svo gott á Íslandi að okkur munar ekkert um að styrkja þessi börn. Ég hvet Íslendinga til að styrkja SOS Barnaþorpin. Það þarf ekki að vera mikið. Þetta er svo gefandi.“

Jón kom svo á skrifstofu SOS í Kópavogi nokkrum dögum fyrir andlát sitt og átti Skype fund með fyrrverandi styrktarbörnunum tveimur sem sögðust ætla að nota féð til húsnæðiskaupa. Tár féllu og það var greinilegt hve vænt Jóni þótti um börnin sín og þeim um hann.



Graciane og Leomar, styrktarbörnin fyrrverandi, sem Jón gaf hluta af framlaginu. Þau eru um þrítugt í dag.





## Styrktarforeldrar og barnaþorpsvinir

Mánaðarlegir styrktaraðilar<sup>1</sup> voru 10.892 í árslok sem er 5% aukning frá fyrra ári. Styrktarforeldrar greiða mánaðarlega upphæð sem gefur umkomulausu barni fjölskyldu á ástríku heimili sem samtökin hafa byggt. Íslenskir styrktarforeldrar voru 8.919 í árslok og fjölgaði þeim um 805 milli ára. Framlag styrktarforeldra fer í framfærslu og velferð barnsins. Styrktarforeldrar geta einnig gefið barninu peningagjafir inn á framtíðarreikning sem barnið fær þegar það yfirgefur þorpið. Algengt er að slíkar gjafir nýtist í áframhaldandi nám, útborgun í íbúð eða kostnað við að koma fyrirtæki á laggirnar. Heildarupphæð framtíðargjafa frá íslenskum styrktarforeldrum á síðasta ári var rúmar 12,6 milljónir króna.

Börnin sem eiga styrktarforeldra búa í SOS barnaþorpum. Þau fara í skóla og fá öllum grunnþörfum sínum mætt. Mikil áhersla er lögð á að heimilin séu laus

við allan stofnanabrag en hvert heimili er athvarf einnar fjölskyldu, rétt eins og flest mannleg samfélög vilja hafa hlutina sem heimilislægasta.

Í hverri SOS fjölskyldu eru oftast sex til tíu börn á mismunandi aldri og af báðum kynjum. Öll börnin eiga því nokkur systkini. Höfuð fjölskyldunnar er SOS foreldrið sem hefur hlotið menntun í að sinna börnum sem mörg hver hafa upplifað miklar hörmungar og sér um að börnin búi við öryggi og ást. Enn sem komið er eru SOS mæður í meirihluta en SOS feðrum er sífellt að fjölga.

Einnig er hægt að vera Barnaþorpsvinur og er þá eitt ákveðið barnaþorp úti í heimi styrkt með mánaðarlegu framlagi. Barnaþorpsvinir voru alls 655 í lok ársins og fækkar um 39 á milli ára. Þeir fá tvisvar á ári senda skýrslu um lífið í barnaþorpinu og helstu viðburði sem þar hafa átt sér stað. Framlag Barnaþorpsvina fer í að greiða ýmsan kostnað við daglegan rekstur þorpsins svo tryggja megi öryggi og velferð þeirra barna sem þar búa.

<sup>1</sup> Mánaðarlegir styrktaraðilar samanstanda af styrktarforeldrum, barnaþorpsvinum og fjölskylduvinum.





## Fjölskylduvinir

Fjölskyldueflingin er sá þáttur í starfi SOS Barnaþorpanna sem hraðast vex og er hún fjármögnuð af Fjölskylduvinum sem styðja við verkefnið með mánaðarlegu framlagi að eigin vali. SOS-fjölskylduvinum fjölgaði um 45% á árinu og var fjöldi þeirra orðinn 1.381 í árslok. Árið 2018 voru heildarframlög íslenskra Fjölskylduvina rúmlega 17,7 milljónir króna og er það hækkun um 6 milljónir króna milli ára. SOS Barnaþorpin líta svo á að fjölskyldan sé mikils virði og best sé fyrir börn að alast upp hjá kynforeldrum sínum og systkinum. Því miður eru aðstæður fjölmargra fjölskyldna þó slíkar að foreldrar neyðast til að láta börnin frá sér, tímabundið eða varanlega. Fjölskylduefling SOS er svar SOS Barnaþorpanna við slíkri neyð. Markmið Fjölskyldueflingar SOS er að forða börnum frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína.



Þessi fimm systkini búa ásamt foreldrum sínum í 10 fermetra íbúð í smábænum Iteye í Eþíópíu. Þau eru í Fjölskyldueflingunni sem SOS á Íslandi fjármagnar.

Í febrúar hófst Fjölskyldueflingarverkefni sem SOS á Íslandi fjármagnar út árið 2021 í Tulu Moye í Eþíópíu. Þar er mikil fátækt og felst verkefnið í að styðja yfir 560 barnafjölskyldur í sárafátækt til sjálfbærni, m.a. með mataraðstoð, bættri heilbrigðisþjónustu, stuðningi við menntun, uppeldisþjálfun, betra aðgengi að vatni, fjármálaráðgjöf og aðgengi að lánnum á lágum vöxtum svo dæmi séu tekin. Yfir 1600 börn eru í þessum fjölskyldum og gengur verkefnið vonum framár. Skólasókn barnanna

hefur rokið upp, stofnaðir voru forskólar fyrir 4-6 ára börn, dregið hefur úr vannæringu barna, fjölskyldurnar eru mun meðvitaðri um mikilvægi menntunar, kynjajafnrétti og meðferð fjármuna svo dæmi séu tekin. Verkefnið var styrkt af Utanríkisráðuneytinu um 67,6 milljónir króna. Heildarkostnaður við verkefnið er um 89 milljónir króna miðað við Evrugengi í lok árs 2017.

Annað fjölskyldueflingarverkefni sem SOS á Íslandi fjármagnar er í Callao í Perú. Samhliða því að aðstoða fjölskyldur úr fátækt snýst verkefnið líka um að fræða fjölskyldur en þó aðallega unga drengi og menn um að ofbeldi sé ekki samskiptaleið í sambúð og hjónabandi. Ofbeldi inni á heimilum í Perú er menningarlegt og samtökin halda námskeið til að hjálpa við að kenna samskipti án ofbeldis og ræða ólík hlutverk kynjanna og samskipti við börn. Hér er þekkingarleysi og arfleið þess sem kynslóðir hafa lært af hvor annarri um að kenna og er unnið að bótum á.



Undirbúningar hófst fyrir nýtt fjölskyldueflingarverkefni á Filippseyjum sem SOS á Íslandi fjármagnar.

Undirbúningur hófst svo á árinu fyrir þriðja fjölskyldueflingarverkefnið sem SOS á Íslandi fjármagnar, á Filippseyjum. Nærri 13 milljónir af 38 milljónum barna á Filippseyjum eru í fjölskyldum sem lifa undir fátæktarmörkum eða yfir 30% barnafjölskyldna. Fátæktin gerir börn sérstaklega berskjölduð fyrir ógnum af ýmsu tagi og til að mynda er áætlað að um 300 þúsund börn séu fórnarlömb mansals.



## Niðurbrotinn yfir því að komast ekki í skóla

Taye er 17 ára epíópískur strákur sem hefur áhyggjur af framtíð sinni því foreldrar hans hafa ekki lengur efni á menntun fyrir hann. Hann á fimm yngri systkini sem foreldrarnir þurfa líka að fæða og klæða. Þau eru skjólstaðingar Fjölskyldueflingar okkar í Epíopíu. Þar að auki þarf Taye að afla tekna fyrir heimilið. „Ég veit að foreldrar mínir eru að reyna sitt besta en lífið er erfitt án peninga. Ég er niðurbrotinn yfir því að komast ekki í menntaskóla,“ sagði Taye í samtali við starfsmann SOS Barnaþorpanna sem sá augu hans fyllast af tárurum.

Taye á sér þann draum að verða lækni og sá draumur getur nú ræst með aðstoð fjölskyldueflingarinnar. „Ég vil verða læknir því það er skortur á þeim hér í Epíopíu. Svo margar konur deyja af barnsförum og ég vil hjálpa til við að draga úr þeirri dánartíðni.“

### Sérþjálfað starfsfólk

SOS Barnaþorpin hafa þjálfað starfsfólk í að hjálpa þessum fjölskyldum í Tulu Moye og felst verkefnið m.a. í að styðja þær til sjálfbærni. Áhersla er lögð á börnin fá menntun, fjölskyldur fá faglega aðstoð við að auka tekjumöguleika sína, meðal annars með námskeiðum í rekstrarháttum og fjármálalæsi. Þá er þeim gert kleift að taka lán á lágum vöxtum til að eiga fyrir grunnþörfum barnanna. Reikna má með að fjölskylda Taye muni með aðstoð fjölskyldueflingar SOS komast á réttan kjöl innan þriggja ára.

Móðir Taye heitir Emebet og er 32 ára. Hún hefur haft tekjur af því að baka flatbrauð og faðir hans vinnur við meðhöndlun á mold til húsabygginga en tekjurnar duga skammt. „Mín von er að SOS teymið muni hjálpa mér við að koma upp fjárrækt. Ég stefni á að leggja fyrsta sparnaðinn í reksturinn til að leggja grunn að hagnaði. Eftir það ætla ég að



„Ég veit að foreldrar mínir eru að reyna sitt besta en lífið er erfitt án peninga. Ég er niðurbrotinn yfir því að komast ekki í menntaskóla,“ sagði Taye í samtali við starfsmann SOS Barnaþorpanna.



Taye vinnur með pabba sínum við að útbúa mold til húsbygginga.

koma börnunum til mennta og kaupa næringarríkan mat en ég hef ekki haft efni á því.“ segir Emebet.

### Í fjötrum fátæktar

Tadese Abebe, framkvæmdastjóri verkefnis fjölskyldueflingar SOS í Tulu Moey, segir að stærsta ástæðan fyrir fátækt fjölskyldna á svæðinu sé skortur á menntun. „Flestar fjölskyldurnar eru í þessari stöðu vegna þess að foreldrarnir eru ólæsir, óskrifandi og lítið menntaðir.“



## Neyðarverkefni

SOS Barnaþorpin eru í grunninn ekki neyðarhjálparsamtök, en undanfarin ár hafa ítrekað orðið hamfarir af ýmsu tagi nálægt starfsstöðvum SOS, enda útbreiðsla samtakanna mjög mikil. Búast má við að umfang hörmunga í heiminum muni aukast enn frekar á næstu árum.

Með áratuga reynslu á bakinu og öflugra stuðningsaðila kemur því ekki annað til greina en að veita neyðaraðstoð í slíkum tilvikum. Leggja þá samtökin mesta áherslu á að hjálpa þeim börnum sem misst hafa eða orðið viðskila við foreldra sína í hamförnunum.

SOS Barnaþorpin nýta þá þekkingu og reynslu sem þau hafa í hverju landi þegar veita þarf neyðaraðstoð. Samvinna við yfirvöld og önnur hjálparsamtök eins og

Rauða krossinn, Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) og Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) hefur einnig reynst vel og leitt til skilvirkari aðgerða. Neyðarverkefni og mannúðarverkefni eru meðal þátta sem við höfum haft tök á að styðja við vegna góðvildar almennings til SOS Barnaþorpanna.

Meðal verkefna sem við styrktum á árinu má nefna neyðaraðstoð í Bornohéraði í norð-austur Nígeríu vegna stríðsátaka og í Laos í Suðaustur-Asíu vegna flóða. Einnig má nefna nokkur verkefni sem voru bókfærð á fyrri árum en voru enn í gangi á árinu 2018 svo sem neyðaraðstoð í Nepal, Miðafríkulýðveldinu, Fjölskyldueflingun í Eþíópíu og Perú, barnaheimili í Grikklandi, flóttamannahjálpar í Írak og bygging dvalarheimilis á Indlandi fyrir SOS mæður á eftirlaunum.



## Sólblómaleikskólar

Yfir 20 leikskólar víðsvegar um landið eru SOS Sólblómaleikskólar sem felst í því að leikskólinn styrkir eitt ákveðið barn í SOS barnaþorpi, eitt ákveðið barnaþorp eða styrkir samtökin á annan hátt, t.d. með söfnun. Þá fá Sólblómaleikskólar tilbúið efni frá SOS Barnaþorpunum, til að mynda veggspjöld þar sem mismunandi lönd eru kynnt og saga ákveðinna barna í barnaþorpum sögð, stuttmyndir, sólblómafræ til að sá og margt fleira. Fræðslufnið stuðlar að því að börnin á Sólblómaleikskólum öðlist þekkingu á aðstæðum barna í öðrum löndum. Börnin fræðast um önnur lönd og aðra menningarheima og læra hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir öðrum þó svo að lífnaðarhættir og aðstæður séu öðruvísi en þau þekkja í sínu umhverfi.

SOS Barnaþorpin bjóða upp á kynningar í Sólblómaleikskólum (bæði fyrir börn og starfsfólk/foreldra) og geta einnig tekið þátt í hátíðum og söfnunum sem leikskólinn stendur fyrir. Sólblómaleikskólar halda Sólblómagleði einu sinni á ári og í maí fór sú skemmtun fram í Ráðhúsi Reykjavíkur eftir skrudgöngu frá Lækjartorgi. 146 börn tóku þátt frá fimm leikskólum.

## Öðruvísi jóladagatal

Um 2.500 nemendur úr 46 grunnskólum og tveimur leikskólum víðsvegar um landið tóku þátt í Öðruvísi jóladagatali SOS Barnaþorpanna í desember. Verkefnið er að norski fyrirmynd og er þetta í þriðja skipti sem íslenskir nemendur taka þátt.

Nemendurnir opnuðu nýjan glugga á dagatalinu á hverjum virkum degi á aðventunni og horfðu á myndbönd um börn í mismunandi heimshlutum sem öll áttu það sameiginlegt að fá aðstoð frá SOS Barnaþorpunum á einhvern hátt. Á sama tíma og nemendur fengu innsýn í aðstæður barna í öðrum löndum lærðu þeir að jólatíminn snýst ekki síður um að gefa en að þiggja.

Nemendur gátu unnið létt heimilisverk heima við og unnið sér þannig inn smá aur sem rann til SOS Barnaþorpanna. Alls söfnuðust rúmlega 800 þúsund krónur í tengslum við jóladagatalið 2018 fyrir flóttabörn í Grikklandi.



# Fjármál SOS Barnaþorpanna 2018

## Áfram yfir 10.000

Það gerðist í fyrsta sinn árið 2017 að mánaðarlegir styrktaraðilar urðu fleiri en tíu þúsund og árið 2018 fjölgaði þeim um 537 eða 5,2%. Styrktarforeldrum og Barnaþorpsvinum fjölgar lítillega milli ára eða um samtals 805 og Fjölskylduvinum heldur áfram að fjölga verulega eða úr 955 upp í 1.381.

### Mánaðarleg framlög

Styrktarforeldrar .....	8.919
Barnaþorpsvinir .....	655
Fjölskylduvinir .....	1.318
<b>Samtals .....</b>	<b>10.892</b>

## Fjármál

Við getum ekki annað en verið ánægð með þær viðtökur sem velunnarar samtakanna hafa sýnt okkur. Við höldum kostnaðinum hér heima í lágmarki og tryggjum þannig að sem mest af söfnunarfé fari sannarlega í verkefni en ekki t.d. í falinn kostnað þeirra. Umsýslukostnaður var aðeins 16% og því skila 84% sér beint til verkefnanna eins og áður segir. Innkoma til samtakanna á árinu var 618,4 milljónir króna. Opinber framlög jukust á milli ára um um nærri 7 milljónir króna og voru alls um 19,4 milljónir króna. Sem fyrr studdu einstaklingar og fyrirtæki myndarlega við bakið á samtökunum. SOS Barnaþorpin fá hvorki rekstrarstyrk frá alþjóðasamtökum né íslenska ríkinu.

Með aðstoð gagnvirks korts Google er nú hægt að sjá hvernig framlög Styrktarforeldra og Barnaþorpsvina dreifast en þannig getum við skýrt enn betur hvert

fjárframlög til samtakanna fara. Hægt er að sjá framlög hvert ár fyrir sig á kortinu. Á þennan hátt viljum við auka gegnsæi fjármála hjá SOS Barnaþorpunum því við gerum okkur grein fyrir því að fátt er mikilvægara en traust þegar kemur að góðgerðarstarfi.

Á heimasíðunni sos.is getur þú farið beint inná kortið og fundið þau 108 lönd sem við sendum framlög til og eins þau 433 barnaþorp sem fá framlög frá okkur.

## Rekstur og útgjöld samtakanna

Í starfi eins og SOS Barnaþorpanna er rekstarkostnaður og getur hann oft gert það að verkum að framlag sem gefið var í góðri trú skili sér í minna hlutfalli en væntingar þess voru sem lagði til framlagið.

Þess vegna viljum við ítreka að okkar styrktarleiðir eru í skilgreindum hlutföllum sem eftirlit er með af stjórn. Til að mynda skilar sér aldrei minna en 80% af hverju framlagi til styrkþega og er sá hlutur yfirleitt mun hærrí. Hann var t.a.m. 84% á árinu 2018 sem þýðir að, að jafnaði 840 krónur af hverju eitt þúsund króna framlagi fóru í framærslu og velferð þeirra barna sem við Íslendingar hjálpum. Við viljum ekki færa kostnað á milli verkefnaliða og allur launakostnaður er t.d færður undir laun en ekki verkefni eða fjáröflun þótt hluti af launakostnaði gæti verið vegna verkefnis sem við störfum að erlendis.




Öll verkefni innanlands s.s. Sólblómaleikskólar og Öðruvísi Jóladaatal falla undir kynningarkostnað og færast því undir rekstarkostnað skrifstofu. Verkefnis-kostnaður í bókhaldi SOS Barnaþorpanna er aðeins um þau framlög sem fara í verkefni erlendis.



# Fjármál SOS Barnaþorpanna árið 2018

Lykiltölur úr starfsemi samtakanna

<b>Tekjur</b>	<b>Gjöld</b>	<b>Framlög styrktarforeldra, Barnaþorpsvina og Fjölskylduvina</b>	<b>Framlög til annar verkefna</b>
<b>618,3 m.kr</b>	<b>617,4 m.kr</b>	<b>450 m.kr</b>	<b>108,7 m.kr</b>



Ítarlegra yfirlit um fjármál SOS Barnaþorpanna á Íslandi má sjá í ársreikningnum sem einnig er aðgengilegur á heimasíðunni [sos.is](http://sos.is).



# SOS á Íslandi árið 2018

Breytingar urðu á starfsmannahaldi þegar Sunna Stefánsdóttir upplýsingafulltrúi lét af störfum og við af henni tók Hans Steinar Bjarnason. Þá var Hjördís Rós Jónsdóttir ráðin í hálfá stöðu fræðslufulltrúa til að sinna samstarfi samtakanna við leik- og grunnskóla auk þess sem hún heldur utan um starf ungmennaráðs.

Á árinu 2018 bættist við einn velgjörðarsendiherra, Rúrik Gíslason knattspyrnumaður, og eru sendiherrarnir því fjórir. Fyrir voru þær Hera Björk Þórhallsdóttir, Vilborg Arna Gissurardóttir og Eliza Reid.

## Starfsfólk (5,1 stöðugildi):

Ragnar Schram – framkvæmdastjóri  
Þorsteinn Arnórsson - fjármála- og fjáröflunarstjóri  
Hans Steinar Bjarnason - upplýsingafulltrúi  
Katrín Guðlaugsdóttir – þjónustufulltrúi  
Auður Ösp Gylfadóttir - þjónustufulltrúi  
Hjördís Rós Jónsdóttir - fræðslufulltrúi  
Þorsteinn Garðarsson – verktaki, kerfisfræðingur frá Textor ehf  
Sigurlaug Halldórsdóttir - bókarí

## Stjórnarmeðlimir:

Kristján P. Davíðsson - formaður  
Ólafur Örn Ingólfsson  
María F. Rúriksdóttir

## Varamenn:

Ingibjörg Elísabet Garðarsdóttir  
Hildur Hörn Daðadóttir

## Fulltrúaráð:

Garðar Ingvarsson  
Inga Lind Karlsdóttir  
Tomasz Pór Veruson  
Ingibjartur Jónsson  
Claudie Ashonie Wilson  
Nichole Leigh Mosty  
Valur Hermannsson  
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir  
Gunnar Dofri Viðarsson  
Björgvin Franz Gíslason  
Fróði Steingrímsson  
Jóhanna Lýðsdóttir

## Velgjörðarsendiherrar SOS Barnaporpanna á Íslandi

Eliza Reid  
Vilborg Anna Gissurardóttir  
Hera Björk Þórhallsdóttir  
Rúrik Gíslason

## Ungmennaráð SOS

Ungmennaráð SOS er vettvangur fyrir fólk á aldrinum 16-25 ára sem hefur áhuga á hjálparstarfi og réttindum barna. Það er í dag skipað mjög öflugum hópi fólks kringum tvítugsaldurinn og meðal verkefna þess á árinu 2018 var framleiðsla á bangsa til fjáröflunar og framkvæmd fjáröflunarkvölds í Háskólanum. Ungmennaráðið er sjálfstæð eining sem starfar í nánu sambandi við starfsfólk SOS á Íslandi. Á árinu keyptum við lítið hornherbergi í skrifstofubyggingu okkar sem ungmennaráðið hefur til umráða.

## Ungmennaráð SOS 2018-19

Birta Ýr Jónasdóttir  
Gunnar Dofri Viðarsson - gjaldkeri  
Jim Hólmsteinsson  
Kornelía Þöll M. Bjarnadóttir - varaformaður  
Lilja Helgadóttir - ritari  
Petra Ísold Bjarnadóttir  
Saga Rut Sunnevudóttir  
Senía Guðmundsdóttir  
Stefán Logi Baldursson  
Sunna Líf Kristjánsdóttir – formaður



Guðrún María og Ezékiel

## Guðrún heimsótti styrktarbarn á Fílabeinsströndinni

Margir styrktarforeldrar á Íslandi nýta sér rétt sinn til að heimsækja styrktarbarnið sitt og það gerði Guðrún María Þorsteinsdóttir í ágúst. Guðrún María styrkir dreng í barnaþorpinu Aboisso á Fílabeinsströndinni í Afríku. Hann heitir Ezékiel og fagnaði 7 ára afmæli einmitt um það leyti sem Guðrún heimsótti hann. Ezékiel heillaði Guðrúnu Maríu alveg upp úr skónum.

### Hamingjusamur og heilbrigður

„Ég hef verið styrktarforeldri hans Ezékiel síðan í maí 2015 og það hefur alltaf verið á dagskrá að heimsækja hann. Þar sem ég eyddi sumrinu mínu í Afríku kom ekki annað til greina en að kíkja við í barnaþorpinu hans. Þó að ég hafi fengið mörg fréttabréf og þónokkrar myndir sendar heim þá jafnast ekkert á við að hitta hann, gefa honum knús, sjá aðstæður í þorpinu, hvar hann býr og sjá hversu hamingjusamur og heilbrigður hann er. Núna er bara á dagskrá að læra frönsku, svo ég geti talað meira við hann í næstu heimsókn, sagt honum hversu frábær strákur hann er og hversu stolt ég er af honum.“

### Það besta sem ég hef gert

„Ég hvet alla til að gerast styrktarforeldrar - það gefur bæði manni sjálfum, og barninu svo mikið. Einnig ef styrktarforeldrar hafa áhuga og tök á því, þá mæli ég eindregið með að heimsækja barnið og barnaþorp þess. Það að vera styrktarforeldri og að hafa heimsótt Ezekiel, er tvennt af því besta sem ég hef gert,“ segir Guðrún María.